


Verulega dregur úr einelti í grunnskólum



OLWEUSARVERKFNIO GEGN EINEITI

Verulega dregur úr einelti milli ára í grunnskólum sem taka þátt í [Olweusaráætluninni gegn einelti](#) samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var í þátttökuskólunum haustið 2002 og aftur haustið 2003. Spurningar voru lagðar fyrir nemendur í 4.-7. bekk annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar árið 2002 höfðu um 11.5% nemenda í 4.-7. bekk orðið fyrir einelti 2-3 í mánuði eða oftar, en 2003 var það komið í 8% sem er 31% lækkun á milli ára. Enn betri árangur hefur náðst á unglingsstigi, en þar höfðu árið 2002 um 7,8% nemenda orðið fyrir einelti en 4.6% árið 2003, og er það 41% lækkun á milli ára. Niðurstöðurnar eru byggðar á gögnum frá 41 grunnskóla.



Niðurstöður í Olweusaráætluninni á Íslandi

Niðurstöðurnar gefa góða vísbendingu um að markvissar aðgerðir skóla sem taka þátt í Olweusaráætluninni gegn einelti skili mjög góðum árangri. Skólarnir geta nýtt sér niðurstöður þessarar könnunar til að skipuleggja markvissar aðgerðir til að draga enn frekar úr einelti, en könnunin gefur nákvæmar upplýsingar um eðli og umfang eineltis í skólanum, hvar það á sér stað ásamt upplýsingum

um líðan nemenda.

Olweusarverkefni gegn einelti er samstarfsverkefni [menntamálaráðuneytis](#), [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#), [Kennarasambands Íslands](#), [Heimilis og skóla](#) og [Kennaraháskóla Íslands](#). Verkefnið byggir á kenningum prófessors Dan Olweus. Hér á landi nær verkefnið til 45 grunnskóla og skólaskrifstofa og u.þ.b. 13.000 grunnskólanemenda, sem er um þriðjungur allra grunnskólanemenda í landinu. Starfsmenn sem taka beinan þátt eru um 2500 og 18.000 foreldrar. Margir grunnskólar hafa sýnt áhuga á því að taka þátt í þessu verkefni næsta haust og stefnt er að því að gefa öllum skólum kost á þátttöku sem þess hafa óskað.

Nánari upplýsingar veitir Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri verkefnisins. thorlukur@khi.is sími: 894 2098. Frekari upplýsingar eru einnig aðgengilegar á [menntamalaraduneyti.is](#) og á vef Olweusarverkefnisins [olweus.is](#).

Íslenskuskólinn fyrir nemendur um allan heim

Á vegum menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis er rekinn íslenskuskóli á Netinu, www.islenskuskolinn.is. [Kennaraháskóli Íslands](#) sér um kennsluna en námið er stundað í gegnum vefinn.

Aðgengi er að fjölbreyttu námsefni ásamt fjarkennurum sem eru í reglulegu tölvusambandi við nemendur. Alls eru 240 nemendur, frá 27 löndum í 5 heimsálfum, skráðir í fjarnám við Íslenskuskólann á vorönn 2004. Þátttaka er öllum að kostnaðarlausu, þar sem utanríkis- og menntamálaráðuneyti hafa tryggt fjármögnun til 1. júlí 2004.

Íslenskuskólinn býður upp á námskeið fyrir nemendur á aldrinum 11 - 16 ára og er aðsókn mun meiri en búist hafði verið við en tilraunakennsla og námsefnisgerð fór fram á síðastliðnu ári. Þá voru fjarkennarar búsettir á Ítalíu og Íslandi en nú verða þeir fleiri og búsettir víða um heim.

Á vef Íslenskuskólans er lögð áhersla á að bjóða upp á ókeypis námsefni sem nýtist öllum aldurshópum til íslenskunáms óháð þátttöku á námskeiðunum.

Auglýst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla

Athygli skal vakin á að í desember sl. var auglýst eftir umsóknum um styrki úr [Endurmenntunarsjóði grunnskóla](#) fyrir árið 2004. Við úthlutun árið 2004 leggur menntamálaráðuneytið áherslu á endurmenntunarnámskeið í stærðfræði. Umsóknir skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, í síðasta lagi 30. janúar 2004, á sérstökum eyðublöðum sem liggja frammi í menntamálaráðuneytinu og á [vef ráðuneytisins](#). Upplýsingar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla, reglur sjóðsins o.fl. er að finna á vef menntamálaráðuneytis: [menntamalaraduneyti.is](#), afgreiðsla, sjóðir og eyðublöð.

Vest-norrænt barna- og ungmennasamstarf

Menntamálaráðuneyti hefur gert samkomulag við [Ungmennafélag Íslands](#), [Bandalag íslenskra skáta](#), [Landssamband KFUM og KFUK](#) og [Æskulýðsráð ríkisins](#) um að þessi samtök taki að sér að framkvæma ýmis verkefni á árinu 2004 með þátttöku barna og ungmenna og félags forystufólks. Samkomulagið kemur í framhaldi af

samstarfssamningi um menningu, menntamál og rannsóknir milli stjórnvalda í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi sem undirritaður var í nóvember sl. Lögð verður áhersla á frjálst barna- og unglingsstarf og stjórnendamenntun og nýliðun.

Markmið samkomulagsins er annars vegar að veita nýjum stjórnendum í frjálsu barna- og unglingsstarfi bestu forsendu til þess að stjórna félögum, samtökum o.fl., en hins vegar að skiptast á reynslu og þekkingu á því hvernig stöðugt megi útvega nýja hæfileikaríka og áhugasama stjórnendur. Samtökin mynda samstarfshóp sem fer með framkvæmd verkefnisins og leiðir UMFÍ það starf. Til verkefnisins verður varið 4.5 milljónum króna.

Aðalnámskrá tónlistarskóla: ásláttarhljóðfæri

Nýverið kom út Aðalnámskrá tónlistarskóla: ásláttarhljóðfæri. Hægt er að nálgast námskrána, svo og aðrar námskrár, á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#)

